

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 150/1979. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Sigurbirni Hreiðari Sigurbjarnasyni**

(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Húftrygging. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Armann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. ágúst 1979. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru lögmenn málsaðilja sammála um, að ekki væri ágreiningur um matsfjárhæð eða tölulegur ágreiningur að öðru leyti.

Í héraðsdómi er á því byggt, að innfærslur í spjaldskrá á húftryggingarspjald bifreiðarinnar R 3627 ásamt greiðslu iðgjalds hinn 29. júní 1974, þ. e. daginn eftir að slys það varð, sem er ástæða kröfugerðar í máli þessu, gefi til kynna, að hinn 1. ágúst 1974 hafi húftrygging stefnda hjá áfrýjanda verið talin í gildi þrátt fyrir ákvæði 3. gr. vátryggingarskilmála og 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Á þetta verður ekki fallist. Innfærslur á spjaldskrá húftrygginga, sem liggur frammi í málinu, varða upplýsingaskráningu um tryggingarkaupann, en ekki réttarstöðu hans gagnvart tryggingarsala. Hins vegar hefur áfrýjandi ekki sannað, að iðgjalds hafi verið krafist hinn 1. febrúar 1976 eða síðar. Af hálfu áfrýjanda var því lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi bæri ekki fyrir sig ákvæði 15. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Verður því ekki fallist á sýknukröfu áfrýjanda byggða á iðgjaldavanskilum stefnda.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína einnig á því, að honum hafi verið heimilt að semja um það við viðskiptamenn sína, að undanþegin ábyrgð hans skyldu vera tjón, sem verða, þegar ökumaður er undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt (sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968), svo sem segir í g lið 10. gr. váttryggingarskilmála. Ótvírætt sé, að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis eftir ákvæðum 25. gr. umferðarlaga, sbr. niðurstöðu blóðrannsóknar. Heldur áfrýjandi því fram, að ákvæði 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 standi þessari skoðun sinni ekki í vegi.

Þá byggir áfrýjandi mál sitt á því, að ef ekki yrði fallist á framangreinda skoðun hans, þá geti ekki leikið vafi á því, að stefnda hafi verið ljóst, að ökumaður hafi neytt áfengis, er hann fól honum stjórn bifreiðarinnar eða meðan á akstri stóð. Hann taldi fullkomna sönnun um þetta atriði nánast ókleifa, en bentí á, að vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði sýni, að fullyrðing um, að ökumaður hafi ekki neytt áfengis í 8 — 9 klukkustundir fyrir andlát sitt geti ekki staðist.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að fyrirvarann í g lið 10. gr. váttryggingarskilmála beri að túlka í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954 og þegar það sé gert, verði áfrýjandi að sanna, að stefndi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis.

Í blóði ökumanns fundust 1.05% af alkóhóli og í þvagi 1.30%. Í framangreindu vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, en þess er ekki getið í héraðsdómi, segir m. a. svo: „Magn alkóhóls í blóði og þvagi er að því er virðist í jafnvægi. Er það í beinni mótsögn við þá fullyrðingu, að hinn látni hafi eigi neytt áfengis í 8 — 9 klst. fyrir andlátíð.“ Vottorð þetta, sem dagsett er 23. apríl 1979, er undirritað f. h. rannsóknastofunnar af Þorkeli Jóhannessyni prófessor.

Í málinu eru ekki skýringar á því, hvað slysinu olli. Bifreiðinni var tæpast ekið á meira en 60 km hraða miðað við

klukkustund, er slysið varð, að því er stefndi telur. Skýrslur stefnda fyrir lögreglu hinn 6. júlí 1976 og síðar fyrir dómi 6. febrúar og 27. júní 1979 um áfengi í bifreiðinni og neyslu á því eru ósamhljóða. Samkvæmt skýrslu stefnda hafa þeir Elías lagt af stað í ferðina frá Reykjavík um kl. 18, en sennilega 1 — 2 klst. fyrr, ef miðað er við framburð Jóns Böðvarssonar. Hafa þannig liðið um 9 — 11 klst. frá því ferðin hófst og þar til slysið varð. Eftir skýrslu stefnda verður ferðalagið ekki rakið samfelt, en telja verður sannað, að öku- maðurinn hafi neytt áfengis, meðan á því stóð. Þegar haft er í huga, að þeir voru tveir einir í félagsskap í ferðinni, þykir það með ólíkindum, að þeir hafi ekki fylgst allnaðið hvor með öðrum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að stefnda hafi ekki dulist, að öku- maður hafði neytt áfengis, annað hvort skömmu áður en stefndi fól honum stjórn bifreiðarinnar eða meðan á akstri stóð, og að hann gat ekki stjórnað ökutækinu örugglega, en til þess ástands þykir verða að rekja slysið. Gilda því undan- tekningarákvæði g liðar 10. gr. váttryggingarskilmála, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Í máli þessu hefur m. a. verið deilt um meginstefnuatriði. Með hliðsjón af því og málsatvikum að öðru leyti þykir mega ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sigurbjörns Hreiðars Sigurbjarnasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og  
Þórs Vilhjálmssonar.**

Áfrýjandi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rök- um, að ábyrgð félagsins eftir váttryggingarsamningi aðilja

hafi verið fallin niður vegna vanskila á greiðslu iðgjalda. Þó var því lýst yfir við flutning málsins hér fyrir dómi, að áfrýjandi byggði ekki á 15. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Ósannað er, að áfrýjandi hafi krafið stefnda um iðgjöld, sem fallin voru í gjalddaga á slysdegi, sbr. 14. gr. laganna. Verður áfrýjanda því eigi dæmd sýkna á þessum grundvelli.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á ákvæði g liðar 10. gr. váttryggingarskilmálanna, eins og lýst er í héraðsdómi. Við erum sammála úrlausn héraðsdómara um þessa málsástæðu, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954.

Eftir þessu ber að okkar álitu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu, sem leiðir af gjaldmiðilsbreytingu 1. janúar 1981. Þá teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1979.**

#### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. júní sl., höfðaði Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarhúsinu, Reykjavík, fyrir hönd Sigurbjörns Hreiðars Sigurbjarnasonar, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. júní 1978, gegn Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 1.550.000 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Við munnlegan flutning voru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.532.400 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til 1. desember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. taxta LMFÍ. Lögmaður stefnanda óskaði þess, að litið yrði til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefnandi hafi greitt kr. 20.000 í matskostnað vegna málsins.

Lögmaður stefnda vefngdi ekki matskostnaðinn og samþykkti, að stefnandi fengi komið að hækkun á vaxtakröfu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að hon-

um verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Stefnan er árituð um samkomulag um, að sáttaumleitanir fyrir sáttanefnd séu útilokaðar.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

## II.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi húftryggt bifreið sína, R 3627, Mercedes Benz, árg. 1972, hjá stefnda. Tryggingin hófst 1. nóv. 1975, iðgjald var greitt 3. s. m. fyrir 3 mánuði. Ekki greiddi stefnandi iðgjald á næsta gjalddaga, sem var 1. febrúar 1976, og ekki heldur á þar næsta gjalddaga, sem var 1. maí 1976. Hinn 29. júní 1976 var iðgjald stefnanda pr. 1. febrúar og 1. maí 1976 greitt. En nóttina áður hafði bifreið stefnanda eyðilagst í útafkeyrslu.

Á dskj. 3 er lögregluskýrsla, dags. 29. júní 1976. Þar kemur fram, að lögreglunni í Hafnarfirði var tilkynnt kl. 0310 um slys á Vesturlandsvegi ca 200 m austan við Neðri Háls. Í skýrslu um vettvangsathugun, undirritaðri af Arnbirni Leifssyni, segir m. a. svo:

„Ég undirritaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 12, sem gerði meðfylgjandi teikningu af vettvangi. Einnig kom á staðinn sjúkrabifreiðin R-30016, sem flutti ökumann og farþega á Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, Eðvar Ólafsson, rannsóknarlögreglumaður, sem tók ljósmyndir af vettvangi, og Júlíus Ingvarsson, sem flutti bifreiðina R-3627 af vettvangi. Á sjúkrahúsinu úrskurðuðu lækna-ökumann látinn.

Þarna hafði orðið alvarlegt umferðarslys. Bifreiðinni R-3627 hafði verið ekið útaf Vesturlandsvegi ca. 200—300 metrum austan við bæinn Neðri Háls. Eftir förum að dæma mun bifreiðinni að öllum líkindum hafa verið ekið útaf veginum með aflíðandi langri beygju, en á nefndum vegarkafla er vegurinn beinn, en bifreiðin var ný komin yfir blindhæð. Bifreiðin mun hafa farið eftir skurði, rúmlega meters djúpum og tveggja metra breiðum, ca. 35—40 metra, en síðan mun hún hafa farið 2—3 veltur, þar til hún stöðvaðist á hjólunum inn á túni 3 metra frá veginum.

Er lögregla og sjúkralið kom á vettvang, hafði farþega verið ekið heim að bænum Neðra Hálsi, þar sem sjúkrabifreiðin tók hann. Aðspurður kvað hann þá féлага hafa verið að koma ofan úr Borgarfirði, en á nefndum vegarkafla kvað hann ökumann

hafa misst stjórn á bifreiðinni með fyrrgreindum afleiðingum. Ökumaður var enn í bifreiðinni og var meðvitundarlaus. Hann sat í ökumannssæti og lá fram á stýrið, en vinstri hönd lá út um hliðarglugga og hékk niður með vinstri framhurð. Hann var með talsvert sár á höfði. Það tók ca. 10—15 mín. að ná öku-  
manni út úr bifreiðinni, en nota varð rifjárn við það.

Ýmiss konar varningur úr bifreiðinni var dreifður eftir skurð-  
inum og inn á nefndu túni, og hafði t. d. afturrúða kastast 10 metra inn á túnið . . .“

Í skýrslu, tekinni af Eðvar Ólafssyni, segir svo:

„Þriðjudaginn 29.6.1976 kl. 03.15 var undirrituðum tilkynnt um, að umferðarslys hafi orðið skammt frá Hálsi í Kjós, og ósk-  
að var eftir, að rannsóknarlögreglan færi á staðinn. Ég undir-  
ritaður fór að sinna þessu. Þarna var um að ræða bifreiðina R-3627, sem er bifreið af gerðinni Mercedes Benz árg. 1962 (sic). Bifreiðin hafði verið á leið suður Vesturlandsveg, og skammt sunnan við Háls í Kjós hafði ökumaðurinn einhverra hluta vegna misst bifreiðina út af veginum með þeim afleiðingum, að hún hefur endastungist og síðan hafnað á hjólunum skammt frá veg-  
inum.

Tveir menn höfðu verið í bifreiðinni, en þegar undirritaður kom á vettvang, var sjúkrabifreið úr Reykjavík nýlega lögð af stað með þá áleiðis til Reykjavíkur. Ökumaður bifreiðarinnar, Elías Þorvaldsson, f. 13/6 1927, til heimilis að Vesturgötu 56, Reykjavík, mun hafa verið látinn, þegar sjúkraliðið kom á vett-  
vang, en farþeginn, Sigurbjörn Hreiðar Sigurbjarnason, sem er eigandi bifreiðarinnar, mun hafa komist að bænum Hálsi í Kjós og tilkynnt um slysið. Mikið blóð var í ökumannssæti bif-  
reiðarinnar og einnig á gólfi hennar undir sætinu. Bifreiðin var mjög mikið skemmd, en þó aðallega vinstri hluti hennar, bæði að aftan og að framan. Bifreiðin var síðan flutt í geymsluhús Hagtrygginga á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, en þar mun fara fram nánari rannsókn á henni. Þá fór undirritaður á slysadeild Borgarspítalans og leit á líkið af Elíasi heitnum. Þá var farþeg-  
inn til meðferðar hjá læknum deildarinnar, en hann mun síðan hafa verið fluttur á Landakotsspítalann og lagður þar inn. Hann var ekki talinn alvarlega slasaður.“

Lögregluskýrslunni fylgir skýrsla Bifreiðaeftirlits ríkisins. Í henni kemur ekki fram neitt sérstakt, sem hefði átt að orsaka slysið.

Í lögregluskýrslunni er rakinn framburður stefnanda fyrir

rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 6. júlí 1976. Þar segir m. a., að stefnandi hafi hitt Elías Þorvaldsson um kl. 1400 mánudaginn 28. júní og hafi svo talast til, að þeir færu saman upp í Borgarfjörð um kl. 1800 sama dag, og það hafi þeir gert og stefnandi ekið bifreið sinni. Stefnandi hafi ætlað að heimsækja son sinn Bjarna að Brennu í Lundarreykjadal og einnig að koma við hjá hestum sínum, sem voru í beit í Galtarholti. Ferðin hafi gengið vel og bifreiðin verið í góðu lagi. Stefnandi heimsótti son sinn, og þeir fóru á hestbak. Ekkert vín hafi verið drukkið á leiðinni eða á hestunum, þó svo að stefnandi væri með hálfá flösku af vermoutheið í bifreiðinni. Þegar þeir voru búnir að vera í hestunum í um klukkutíma, hafi verið ákveðið að fara í bæinn. Þá hafi Elías spurt, hvort stefnandi væri ekki þreyttur, og hafi stefnandi sagt, að svo væri, enda hafi hann verið að aka um helgina og aðfaranótt mánudagsins, þess vegna hafi orðið úr, að Elías hafi ekið bifreiðinni. Stefnandi kvaðst hafa dreypt á umræddri flösku um það bil hálf tíma eftir að þeir lögðu af stað í bæinn og gert það tvisvar, þrisvar sinnum, en ekki hafi hann fundið neitt til áfengisáhrifa. Stefnandi sagði, að hann hafi ekki séð betur en Elías væri vel fyrir kallaður, og kvaðst stefnandi ekki hafa vitað til, að hann hafi drukkið neitt vín á leiðinni upp í Borgarfjörð eða á hestunum. Elías hafi ekið vel og þeir hafi ekkert stoppað á leiðinni í bæinn, nema einu sinni til að kasta af sér vatni, rétt áður en komið var í Hvalfjarðarbotn. Stefnandi kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli á leiðinni, en Elías hafi ekið hæfilegan akstur og alls ekki of hratt að dómi stefnanda.

Um leið og bifreiðin var komin rétt yfir hæðina, þar sem vegurinn er tvískiptur við Háls í Kjós, hafi hún farið að skrensa til á veginum og síðan hafi það ekki skipt neinum togum, að bifreiðin fór út af veginum og valt. Stefnandi kvaðst hafa verið með fullri rænu allan tímann, en ekki hafa séð, hvernig Elías slasaðist á höfðinu. Stefnandi hafi komist út úr bifreiðinni, strax og hún stöðvaðist eða mjög fljótlega. Elías hafi verið með áverka á höfði og mikið hafi augsýnilega blætt. Stefnandi hafi kallað til hans tvisvar sinnum og ekkert svar fengið. Hann hafi ekkert hreyft við Elíasi, hvorki hreyft á púlsi né öðru. Hann hafi verið hálfvankaður og með taugaáfall og hugsað sér að fara og ná í hjálp og gengið veginn áleiðis að Hálsi í Kjós. Þaðan hafi verið hringt í lögreglu og sjúkrabifreið.

Stefnandi var tvívegis yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Við yfirheyrslu 6. febrúar sl. kom fram hjá honum, að

hann og Elías Þorvaldsson hafi stefnt sér saman kvöldið, sem þeir fóru, og hafi stefnandi ekið bílnum upp eftir. Stefnandi kvaðst hafa verið syfjaður, hann hafi verið búinn að vinna um helgina, en Elías hafi verið búinn að vera á hestamannamóti austur í sveit, en komið í bæinn kvöldið áður. Svo hafi verið gert út um það upp frá, að Elías keyrði bílinn í bæinn. Stefnanda hafi aldrei fundist neitt athugasvert við keyrsluna og Elías hafi aldrei tekið dropa af víni allan tímann, sem hann var með stefnanda. Elías hafi ekið á svona 60—70 km hraða. Vegurinn hafi verið blautur og nýheflaður. Stefnandi kvaðst ekkert vín hafa drukkið. Hann hafi verið með hálfu flösku af víni með sér, en aldrei drukkið af þessari hálfu flösku af portvíni, sem hann átti í skottinu á bílnum. Elías hafi smakkað vín daginn áður austur á Hellu á hestamannamóti, en það hafi verið sólarhring áður en þeir hittust. Stefnandi staðfesti sem réttan framburð sinn fyrir rannsóknarlögreglu á dskj. 3, nema það að hann hafi dreypt á flöskunni. Hann kvaðst hafa ætlað að dreypa á flöskunni, en hætt við það, enda hafi hún legið frammi í bílnum allan tímann. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið vel fyrirhallaður, þegar hann kom til rannsóknarlögreglunnar, og kvaðst hann hafa verið lengi að ná sér eftir þetta slys. Stefnandi tók fram, að hann hefði aldrei látið Elías hafa lyklana að bílnum uppi í Borgarfirði, ef hann hefði vitað, að maðurinn væri undir áhrifum vins. Stefnandi kvaðst hafa verið í standi til þess að keyra bílinn.

Stefnandi sagði, að einu mennirnir, sem þeir hafi hitt, hafi verið sonur sinn og bóndinn á Brennu.

Stefnand kvaðst ekki minnst þess, að annað tjón hafi orðið á bifreiðinni en þetta, sem varð 29. júní. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að hringja og fá frest á því að greiða iðgjöld, en alltaf hafi staðið til að greiða iðgjaldið, og kvaðst stefnandi hafa verið nýbúinn að tryggja bílinn í fulla kaskó, því sér hafi fundist það sjálfsagt, en hann kvaðst ekki hafa verið með hann í fullri kaskó áður. Stefnandi kvaðst ekki muna, við hvern hann hefði talað, en hann hafi fengið gjaldfrest. Eftir óhappið hafi stefnandi ætlað að fara frá Sjóvá, en svo hafi hann gert upp við þá seinna og tryggt aftur upp á nýtt, vegna þess að númerin lágu inni eftir slysið. Þá hafi stefnandi borgað það, sem hann átti að borga, og komið bílnum á skrá aftur og keyrt hann svo þangað til fyrir áramót, að bíllinn var seldur. Bíllinn hafi verið áfram á sama númeri og í ábyrgðartryggingu hjá stefnda, en ekki í kaskótryggingu.

Bróðir stefnanda og faðir hans hafi hist um morguninn og hafi það orðið að samkomulagi hjá þeim, að þeir ætluðu að vita, hvort tryggingin hefði ekki verið borguð. Sennilega hafi þeir þá verið búinir að fréttu af slysinu. Stefnandi kvaðst hafa haft bíla tryggða hjá stefnda síðan 1962. Fyrst hafi hann fengið lán hjá stefnda, þegar hann keypti fyrsta bílinn, og hann hafi haft hann fulltryggðan í kaskó og það hafi stundum komið fyrir, að tryggingin var ekki borguð á réttum tíma, og hafi stefnandi fengið frest á því.

Hinn 27. júní sl. kom stefnandi að nýju fyrir dóm til yfirheyrslu. Vakin var athygli hans á ósamræmi í framburði hans hér fyrir dómi og fyrir lögreglu varðandi vínflösku, sem hann hafi haft meðferðis, og jafnframt um það, hvort hann hafi drukkið af flöskunni eða ekki. Ítarlega aðspurður kvaðst stefnandi hafa verið með litla flösku óátekna af léttu víni, portvíni eða Vermouth, og kvaðst hann hafa haft flöskuna frammi í bílnum undir sætinu. Stefnandi kvaðst vera viss um, að hann hafi ekkert drukkið. Stefnandi sagðist aldrei hafa séð Elías Þorvaldsson drekka vín í ferðinni, enda ef hann hefði séð það, þá hefði hann sjálfur keyrt bílinn. Þeir stefnandi og Elías hafi hist, rétt áður en þeir fóru í ferðina, þá hafi Elías verið á sínum bíl, sem var leigubíll frá BSR, og ekið sjálfur, en hann hafi ekki verið í leigubílaakstri, heldur eitthvað að snúast fyrir sjálfan sig. Stefnandi kvaðst ekki hafa séð annað en Elías væri allsgáður, þegar þeir hittust, en kvaðst halda, að hann hafi ekki verið búinn að sofa neitt mikið.

Vitnið Jón Böðvarsson, bóndi að Brennu í Lundarreykjadalshreppi, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Vitnið kvaðst muna eftir, að þeir stefnandi og Elías Þorvaldsson hafi komið að Brennu og síðan hafa heyrt í sjónvarpi, að Elías hafði látist í þessari ferð. Þeir stefnandi og Elías muni hafa komið nálægt kl. 0600 síðdegis og farið laust fyrir kl. 0800. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á þeim stefnanda og Elíasi og fullyrtri, að þeir hafi ekki neytt áfengis, á meðan þeir dvöldu hjá vitninu. Vitnið kvaðst ekki hafa þefað af þeim. Vitnið kvaðst hafa verið á tali við þá, þar til þeir fóru, og hafi stefnandi ekið bifreiðinni.

Ólafur Bergsson, deildarstjóri hjá stefnda, var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Ólafi, að dskj. 14 og 15 væru húftryggingar stefnanda hjá stefnda. Ólafur kvaðst halda, að mismunandi skilmálar, þ. e. A og B á þessum tveim

dómskjölum, séu vegna mismunandi sjálfsábyrgðar. Merkingar b.f. í greiðsludálkum á þessum dómskjölum merki, að iðgjaldið hafi verið fært út af svokölluðum innheimtureikningi, þar sem iðgjald hafi ekki verið greitt. Merkingin XV þýði m. a., að skírteinisnúmer hafi verið strikað út og tryggingin þar með felld niður endanlega. Tryggingin á dskj. 15 sé frá árinu 1975 og hún hafi endanlega verið strikuð út vegna vanskila. Deildarstjórinn kvaðst ekki sjá á dskj. 15, hvenær það hafi verið gert. Tryggingin á dskj. 14 hafi tekið gildi sem váttrygging 12. desember 1972, iðgjald hafi verið greitt 17. janúar 1973, en eftir 1. febrúar 1973 hafi ekki verið greitt iðgjald og hafi það verið bakfært. Spurningu um það, hvort beðið væri um greiðslufrest á húftryggingariðgjaldi í gegnum síma, svaraði deildarstjórinn á þá leið, að það væri nú allur gangur á því, en óhætt væri að segja það um flestar tryggingar, að menn geti fengið gjaldfrest. Það væri óvenjulegt í gegnum síma. Gjaldfrestur væri helst veittur með víxilgreiðslu. Beiðni um tryggingu á dskj. 16 sé skrifuð af starfsmanni stefnda. Aðalreglan sé, að tjón sé fært inn á húftryggingarspjöld, þegar tilkynning berst, en þó sé það þannig, að ef trygging hafi verið felld niður, áður en tilkynningin berst, eða það sé talið augljóst, að það komi aldrei til neinnar greiðslu, þá sé þetta gjarnan lagt til hliðar og þá geymt í dagsetningarröð, þau tjón sem ekki eru bókuð. Deildarstjórinn taldi þetta fallið úr gildi gagnvart váttryggingartakanum, það sé bara spurningin að fella þetta algerlega úr bókunum. Lokastigið séu þessar merkingar XV í horninu hægra megin. Ekki sé hægt að gefa neitt eitt svar við því, hve langur tími líði, frá því að greiðslufall verði og þar til merkt sé b. f. á spjöldin og tryggingar felldar niður, þetta sé svo misjafnt. Það fari aðallega eftir álagi á starfsfólki, að tími vinnist til að ganga frá þessum spjaldfærslum. Það sé alveg undantekning, að tryggingartaka sé tilkynnt, að tryggingin sé fallin niður fyrir vanskil.

### III.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að fjárhæð tjóns stefnanda væri ágreiningslaus. Bifreið stefnanda hafi verið í kaskótryggingu hjá stefnda og hafi sú trygging verið í fullu gildi, sbr. dskj. 8. Enda hafi ekki verið lögð fram gögn um það, að búíð hafi verið að fella trygginguna úr gildi. Það, að tekið var við greiðslu, sýni, að tryggingin hafi verið í fullu gildi. Framlögð dómskjöl sýni, að stefnandi hafi

lengi átt viðskipti við stefnda og jafnframt að stefnandi hafi oft verið í vanskilum, en samt taki stefndi að sér að húftryggja bifreið stefnanda. Ekkert komi fram um það í skjölum málsins, að stefndi hafi krafið stefnanda um iðgjald og gert honum ljóst, að greiðsludráttur varðaði niðurfalli tryggingar. Þetta allt valdi því, að tryggingin hafi verið í fullu gildi.

Ósannað sé, að Elías Þorvaldsson hafi verið ölvaður, þegar slysið varð. En enda þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að Elías hafi verið ölvaður, þá skipti það ekki máli, þar sem stefnandi hafi ekki vitað um það og hafi hann verið í góðri trú, þegar hann fékk Elíasi bifreiðina til aksturs. Hér beri að líta til 1. gr. skilmálanna á dskj. 6, en lögjafna megi frá þessu ákvæði, ef talið verði, að Elías hafi verið undir áhrifum. Til þess að hægt sé að sýkna stefnda, þurfi stefndi að sanna, að stefnanda hafi verið ljóst, að Elías hafi verið undir áhrifum áfengis, en það sé ósannað, sbr. dskj. 11. Það hefði verið undarlegt athæfi hjá stefnanda, sem ekki var ölvaður, ef hann hefði farið að fela ölvuðum manni að aka bifreiðinni.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með eftirfarandi:

Iðgjald hafi ekki verið greitt þrátt fyrir kröfu um það. Hafi ábyrgð félagsins þá verið lokið, sbr. 3. gr. váttryggingarskilmála og 14. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Greiðsla iðgjaldsins eftir slysið felli ekki ábyrgð á stefnda um atburð, sem gerðist, áður en greiðslan fór fram.

Í blóði ökumanns bifreiðarinnar hafi mælst vínandamagn 1.05‰. Samkvæmt 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 teljist hann ekki hafa getað stjórnað ökutæki örugglega og hafi honum verið óheimilt að aka bifreið. Í g lið 10. gr. váttryggingarskilmála séu undanskildar ábyrgð félagsins skemmdir, sem verði, þegar ökumaðurinn sé undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt, sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga. Regla þessi sé fortakslaus og skipti ekki máli, hvort stefnandi vissi um ástand ökumannsins eða ekki, og hafi honum reyndar borið að ganga úr skugga um það, áður en hann fékk honum stjórn bifreiðarinnar, sbr. 5. mgr. 24. gr. umferðarlaga.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er ekki andmælt, eins og hún er eftir breytingu þá, sem gerð var við munnlegan málflutning.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að hafi Elías heitinn Þorvaldsson ekki smakkað áfengi frá því kl. 1800, þá hljóti hann að hafa verið dauðadrukkinn,

þegar hann og stefnandi lögðu af stað í ökuferðina. En bóndinn að Brennu hljóti að hafa orðið var við það, ef Elías hefði verið drukkinn, en það hafi hann ekki merkt og þess vegna hljóti áfengisneyslan að hafa hafist, eftir að þeir Elías og stefnandi lögðu af stað frá Brennu, og þess vegna hljóti stefnandi að hafa vitað um áfengisneyslu Elíasar og samt falið honum að aka bifreiðinni.

## IV.

Álit dómsins.

Á dskj. 6 eru skilmálar fyrir húftryggingu stefnda. Samkvæmt 3. gr. skilmálanna fellur fyrsta iðgjald í gjalddaga þann dag, sem váttryggingin tekur gildi, sé eigi um annan gjalddaga samið. Verði fyrsta iðgjald eigi greitt, þegar þess er krafist, en þá kröfu má í fyrsta lagi gera á gjalddaga, er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti gilda ákvæði 12. — 15. gr. laga nr. 20/1954.

Dskj. 14 er ljósrít úr spjaldskrá stefnda vegna húftryggingar stefnda á bifreið stefnanda, sem tók gildi 12. des. 1972, fyrsta iðgjald af þeirri tryggingu var greitt 17. janúar 1973. Önnur iðgjöld af þeirri tryggingu hafa ekki verið greidd, en á spjaldið eru skráð iðgjöld pr. 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst 1973. Við iðgjöld á þessum gjalddögum er skráð b.f., sem samkvæmt framburði deildarstjóra stefnda merkir, að greiðslur hafi verið bakfærðar, þar sem þær hafi ekki verið greiddar. Spjaldið er jafnframt merkt XV, sem mun merkja, að trygging hafi verið felld niður. Á spjaldi þessu verður ekki séð, hvenær tryggingin var felld niður, en ofangreindar færslur á spjaldinu gefa til kynna, að það hafi ekki verið fyrr en eftir 1. ágúst 1973, það er a. m. k. 6 mánuðum eftir að iðgjaldið 1. febrúar 1973 féll í gjalddaga. Er þetta ekki í samræmi við 15. gr. laga nr. 20/1954.

Dómskjal 15 er ljósrít úr spjaldskrá stefnda yfir húftryggingu á bifreið stefnanda, sem gildi tók 20. mars 1975, skv. spjaldi þessu hafa engin iðgjöld verið greidd af þessari tryggingu, skráðir gjalddagar eru 20. mars og 1. maí 1975, og er við þá báða merkt b.f., og svo er spjaldið merkt XV.

Dómskjal 8 er ljósrít úr spjaldskrá stefnda vegna þeirrar húftryggingar á bifreið stefnanda, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu dómskjali hófst húftrygging bifreiðarinnar 1. nóv. 1975, sbr. og dskj. 16, sem er beiðni um húftryggingu bifreiðarinnar. Iðgjald vegna þessarar húftryggingar mun hafa verið

greitt 3. nóv. 1975, en iðgjöld með gjalddögum 1. febrúar og 1. maí 1976 munu hafa verið greidd 29. júní 1976, það er eftir að tjón það, sem málið er af risið, varð. Við gjalddaga 1. ágúst 1976 er merkt b.f., og neðst í horni spjaldsins er merkt XV, sem, eins og áður segir, mun merkja, að trygging hafi verið felld niður. Ekki verður séð af spjaldinu, hvenær það var. Inn á spjalðið eru færð þrjú tjón, fyrst nr. 4565/75 1/11, fjárhæð kr. 238.215, svo nr. 4218/76 11/6 og síðast nr. 4219/76 29/6. Bónus af iðgjaldi pr. 1. maí 1976 féll niður, og mun það vera vegna tjónsins nr. 4565/75, sem varð 1. nóv. 1975, sbr. dskj. 17. Það, sem hér hefur verið rakið, þykir gefa til kynna, að hinn 1. ágúst 1976 hafi húftrygging stefnanda hjá stefnda verið talin í gildi þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skilmálanna á dskj. 6 og 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954.

Við niðurstöðu máls þessa verður því við það miðað, að húftrygging stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið fallin niður þrátt fyrir vanskil stefnanda, þá er tjónið varð, sem málið er af risið.

Samkvæmt lögregluskýrslu á dskj. 3 var tilkynnt um slysið, sem málið er af risið, kl. 0310 þriðjudaginn 29. júní. Samkvæmt sömu skýrslu mun ökumaður bifreiðar stefnanda, Elías Þorvaldsson, hafa verið látinn, þegar sjúkralið kom á vettvang eftir slysið.

Dómskjal 9 er ljósrit af niðurstöðu krufningarskýrslu varðandi Elías Þorvaldsson. Þar segir m. a., að samkvæmt réttar-efnafræðilegu mati (Ransóknastofu Háskólans í lyfjafræði) hafi magn alkóhóls í blóði verið 1.05‰ og í þvagi 1.30‰. Jafnframt segir í ályktun, að líkur séu fyrir því, að maðurinn hafi verið ölvaður, er hann lést.

Í g lið 10. gr. váttryggingarskilmála stefnda á dskj. 6 segir, að undanskildar ábyrgð félagsins séu: Skemmdir, sem verða, þegar ökumaðurinn er undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt (sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968).

Fyrirvara þennan ber að túlka í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954, og þegar það er gert, þá þykir stefndi, eins og málið er vaxið, þurfa að sanna, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framburði vitnisins Jóns Böðvarssonar, bónda að Brennu í Lundarreykjadal, komu þeir stefnandi og Elías Þorvaldsson að Brennu nálægt kl. 1800 kvöldið fyrir slysið og fóru þaðan laust fyrir kl. 2000. Vitnið merkti ekki áfengisáhrif á þeim

félögum og fullyrti, að þeir hafi ekki neytt áfengis, meðan þeir dvöldu að Brennu.

Ekki hafa verið færðar sönnur að áfengisneyslu stefnanda í ferð þessari, en hann bar hér fyrir dómi, að tekin hefði verið blóðprufa úr sér eftir slysið. Fallast má á það með stefnanda, að það sé ósennilegt, að stefnandi, sem er leigubílstjóri, hafi falið manni, sem hann vissi, að væri undir áhrifum áfengis, akstur bifreiðar sinnar, sérstaklega ef hann var ekki sjálfur óhæfur til aksturs bifreiðarinnar.

Á dskj. 11 er bréf frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, undirritað af Jóhannesi F. Skaftasyni. Bréf þetta er svar við brefi lögmanns stefnanda á dskj. 10. Í bréfinu á dskj. 11 kemur fram, að niðurstöður alkóhólmælinga á blóði og þvagi ökumanns bifreiðar stefnanda bendi til jafnvægis milli alkóhóls í blóði og alkóhóls í þvagi, en áfengismagnið sé ekki meira en svo, að stefnandi þurfi ekki að hafa séð ölvunareinkenni á ökumanninum. Enn fremur segir í bréfi þessu, að um ástand ökumanns, sem hafi 1.05% áfengispéttni í blóði, verði ekkert sagt með vissu, vegna þess hve misvel menn þola áfengi.

Niðurstaða dómsins er sú, að stefndi hafi ekki sannað, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis, þá er hann ók bifreið stefnanda. Verður þess vegna ekki fallist á það með stefnda, að g liður 10. gr. váttryggingarskilmála hans heimili honum að synja greiðslu á váttryggingarbótum til stefnanda, þar sem stefndi getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði váttryggingarskilmálanna að því leyti sem það fer í bága við 20. gr. laga nr. 20/1954.

Fjárhæð tjóns stefnda er ekki tölulega vefengd, og verður hún því tekin til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 335.000, þar með talinn matskostnaður, kr. 20.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Sigurbirni Hreiðari Sigurbjarnasyni, kr. 1.532.400 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til 1. desember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 335.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.